



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar og háskólanáms á Vestfjörðum

Samantekt um árið 2002

Áætlun fyrir árið 2003

Smári Haraldsson, forstöðumaður.

Efnisyfirlit

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.....	2
Starfsfólk 2002.....	2
Starfið 2002.....	3
Húsnæði og búnaður.....	3
Námskeið.....	4
Háskólanámið.....	7
Háskólasetur.....	7
Markviss.....	7
Vika símenntunar.....	7
FS-netið.....	8
Kvasir.....	8
Samstarf.....	8
Starfsáætlun 2003.....	9
Yfirlit yfir starfsemina vorið 2003.....	9
Starfsemin haustið 2003.....	9
Námskeið.....	9
Fjarnám.....	9
Framlag vegna verkefna á sviði byggðamála.....	10
Brúarmál og FS-netið.....	10
Samstarf.....	10
Háskólasetur.....	11
Viðauki.....	12

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var kjörin árið 2002 til tveggja ára. Hana skipa:

Ólína Þorvarðardóttir, formaður.
Guðrún Stella Gissurardóttir, ritari
Óðinn Gestsson, meðstjórnandi.

Varamenn:

Jón Reynir Sigurvinsson, *Dagrún Matthíasdóttir* og *Ingimar Halldórsson*.

Starfsfólk 2002

Smári Haraldsson forstöðumaður í 100% starfi.

Brynjar Ingason í 65% starfi. Brynjar sér um allt bókhald, ásamt öðrum störfum sem til falla.

Lísbet Guðmundsdóttir sér um ræstingar.

Elísabet Kristín Einarsdóttir í 50% starfi. Hún kom til starfa í október 2002. Elísabet sér um símsvörum, eldhús og almenn skrifstofustörf. Ráðin tímabundið.

Starfið 2002

Húsnæði og búnaður

Fram að hausti 2002 var starfsemi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á nokkrum stöðum á Ísafirði, þó aðallega í Menntaskólanum. Þar var fjarfundabúnaður staðsettur auk þess sem nemendur höfðu les- og vinnuáðstöðu í heimavist skólans.

Sumarið 2002 ákvað stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða að taka á leigu efstu hæðina í húsinu að Eyrargötu 2-4 á Ísafirði. Þá hafði stjórn og forstöðumaður skoðað nokkur hús með aðstöðu fyrir miðstöðina í huga. Þann 8. september 2002, á upphafsdegi viku símenntunar, tók Fræðslumiðstöðin húsnæðið að Eyrargötu 2-4 formlega í notkun. Húsið er í eigu Hraðfrystihússin Gunnvarar hf og fékkst leigt á góðum kjörum. Það er á 4. hæð í húsi því sem áður hýsti Íshúsfélag Ísfirðina. Húsnæðið er um 400 m². Litlar breytingar þurfti að gera á húsnæðinu; aðeins var fjarlægður einn veggur til að stækka herbergi og fá góða kennslustofu og inngangi breytt í annað herbergi. Húsnæðið hentar vel fyrir starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar eins og hún var veturinn 2002-2003 Tveir gallar eru þó á húsnæðinu Það er hljóðbært og kyndingarkostnaður er allhár.

Flutningur í eigið húsnæði krafðist þess að keypt væru húsgögn og nokkur búnaður. Trésmiðjan í Hnífsdal var fengin til að smíða borð og stóla fyrir nemendur. Skrifstofuhúsgögn voru fengin að láni hjá Hraðfrystihúsinu Gunnvöru. Settar voru upp töflur í kennslustofum. Þá var komið upp fullkomnu tölvuveri með 12 nemendatölvum og skjávarpa.

Með því að koma starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar í eigið húsnæði gjörbreyttist öll aðstaða miðstöðvarinnar. Mun betra er að hafa sýn yfir starfseminna þegar hún er á einum stað heldur en mörgum. Betur fer um nemendur, jafnt fjarnema sem nemendur á námskeiðum en í skólum þar sem kennt var áður. Þá gefur húsnæðið og tölvuverið möguleika á að hafa námskeið á skólatíma sem ekki var hægt áður. Síðast en ekki síst er unnið samkvæmt þeirri hugmynd að öll fullorðinsfræðsla eigi saman og að hún sé sérstök og aðskilin frá kennslu ungmenna. Með því að hafa hana sem mest á einum stað smitar löngunin og kjarkurinn til að afla sér menntunar út frá sér.

Óhætt er að fullyrða að aðstaða Fræðslumiðstöðvarinnar hafa fallið í góðan jarðveg hjá nemendum. Samþætting námskeiða og háskólanáms hefur tekist mjög vel. Engir árekstrar hafa komið upp þótt jafnvel þótt húsnæðið hafi verið fullt af fólki þannig að háskólanemar, sem ætluðu að nota aðstöðuna tilhópvinnu eða lesturs, hafi orðið frá að hverfa.

Með aðstöðinni að Eyrargötu 2-4 höfum við fengið allfullkomið námsver á Ísafirði. Hugmyndir um námsver eiga nú miklu fylgi að fagna um allt land. Er það almennt trú manna að svona aðstaða sé mjög mikilvæg til að skapa þá umgjörð og aðstöðu sem æskileg sé til að auðvelda fólki nám, ekki síst fjarnám. Með þessari aðstöðu hefur okkur Vestfirðingum tekist að halda okkur í fremstu röð hvað fjarnámið varðar.

Auk aðstöðunnar á Ísafirði rekur Fræðslumiðstöðin, í samvinnu við Vesturbyggð, lítið námsver á Patreksfirði. Þar er fjarfundabúnaður, nettengd tölva ásamt myndsíma og ljósritunarvél.


Fræðslumiðstöðin keypti 3 fjarfundabúnaði á árinu 2002. Einn þeirra var settur upp í Finnbogastaðaskóla í Árneshreppi, annar í námsverinu á Patreksfirði og hinn þriðji á Ísafirði. Auk þessara búnaða á Fræðslumiðstöðin búnað á Reykhólum og annan búnað á Ísafirði. Ástand og gerð búnaðanna er mismunandi. Elstu búnaðirnir eru ekki IP samhæfðir og keyra því aðeins á ISDN línum. Hinir nýrri eru hins vegar IP samhæfðir. Allir búnaðirnir eru fyrst og fremst til að taka á móti mynd og hljóði, en síður nothæfir til að senda út efni.


Námskeið

Á árinu 2002 voru haldin 44 námskeið (46 árið 2001) og hópar voru 51. Námskeiðin sóttu 551 þátttakendur (650), 336 konur (474) og 215 karlar (176). Voru námskeiðin samtals 16580 nemendastundir (22.033). Námskeiðahald dróst því saman á árinu 2002 samanborið við árið 2001.



Kynjahlutfall þátttakenda jafnaðist þar sem körlum fjölgaði bæði í rauntölum og hlutfallslega, en konum fækkaði (1. mynd).

Flestir þátttakendur voru á aldrinum 25-54 ára. Algengasta aldursbilið var 45-54 ára (2. mynd).





Þátttakendur á námskeiðum voru alls staðar af Vestfjörðum. Langflestir voru frá Ísafirði, en hlutfallslega flestir frá Flateyri og Árneshreppi. Dreifing þátttakenda eftir póstnúmerum er að sjá á 3. og 4. mynd.



Námskeiðið *Vélgæsla* var haldið í samvinnu við Guðmund Einarsson. Sá hann um alla kennslu en Fræðslumiðstöðin annaðist auglýsingar, skráningu og útgáfu skírteina. Sams konar fyrirkomulag var haft á tölvunámskeiðum en þar sáu tölvufyrirtæki um kennsluna.

Nánari sundurliðun námskeiða er í eftirfarandi töflu:

Námskeið	Fjöldi kennslu- stunda	Staður	Fjöldi þátttak.			Nem- enda- stund
			Kon- ur	Karl- ar	Alls	
Alhliðamatreiðsla fyrir karlmenn	9	Ísafjörður	0	4	4	36
Betri tímastjórnun	6	Ísafjörður	16	7	23	138
Enska á Ströndum	30	Hólmavík	7	3	10	300
Enska I	30	Ísafjörður	4	5	9	270
Enska III	30	Ísafjörður	7	0	7	210
Excel I á Hólmavík	18	Hólmavík	2	6	8	144
Excel II	18	Ísafjörður	3	6	9	162
Markaðssetning eigin þekkingar	4	Ísafjörður	7	2	9	36
Markaðssetning eigin þekkingar	4	Patreksfjörður	2	2	4	16
Markaðssetning eigin þekkingar	4	Hólmavík	1	4	5	20
Franska	30	Ísafjörður	4	1	5	150
Færni í mannlegum samskiptum	12	Ísafjörður	22	1	23	276
GPS Staðsetningarkerfið	6	Ísafjörður	0	11	11	66
Grunnnám tölvufræðsla - hægferð	60	Ísafjörður	7	0	7	420
Grunnnámskeið í tölvutækni og ritun	30	Ísafjörður	4	4	8	240
Íslenska fyrir útlinga I	40	Ísafjörður	4	9	13	520
Íslenska fyrir útlinga I	40	Bíldudalur	8	2	10	400
Íslenska fyrir útlinga II	40	Ísafjörður	2	2	4	160
Íslenska og ísl. samfélag Flateyri.	40	Flateyri	22	26	48	1920
Íslenska og ísl. samfélag. Ísafjörður	40	Ísafjörður	7	4	11	440
Íslenska og ísl. samfélag. Suðureyri	40	Suðureyri	13	13	26	1040
Kennslufræði samfélagsgreina	8	Hólmavík	9	6	15	120
Maður og heilbrigði (sjúkraliðar)	20	Ísafjörður	10	0	10	200
Námskeið fyrir skólanefndir	9	Hólmavík -	3	2	5	45
Námskeið til endurlöggild. vigtarmanna	10	Ísafjörður	0	10	10	100
Pælum og púlum	36	Ísafjörður	4	6	10	360
Rússneska	30	Ísafjörður	5	1	6	180
Samskipti kennara og nemenda	15	Ísafjörður	14	4	18	270
Skapandi starf á yngri stigum	20	Ísafjörður	14		14	280
Skrautskrift	15	Ísafjörður	16	3	19	285
Sölutækni og þjónusta	6	Ísafjörður	14	8	22	132
Tæknimennt	30	Ísafjörður	1	2	3	90
Tölvufræðsla BSRB	60	Patreksfjörður	10	7	17	1020
Tölvufræðsla BSRB	60	Bíldudalur	5	2	7	420
Tölvufræðsla BSRB	60	Bolungarvík	10	2	12	720
Tölvufræðsla BSRB	60	Hólmavík	14	9	23	1380
Tölvufræðsla BSRB	60	Ísafjörður	21	4	25	1500
Tölvufræðsla fyrir eldri borgara	21	Ísafjörður	3	7	10	210
Tölvunám 2 -BSRB námskeið	60	Ísafjörður	9	2	11	660
Tölvunámskeið Árneshreppi	18	Árneshreppi	4	5	9	162
Verkin í garðinum	6	Ísafjörður	8	0	8	48
Vélgæsla	60	Ísafjörður	0	21	21	1260
Þjónustunámskeið fyrir starfsfólk í ferðapj.	6	Ísafjörður	13	2	15	90
Öflugar konur í sveitarstjórnnum	12	Ísafjörður	7	0	7	84

Samtals árið 2002

336 215 551 16.580

Háskólanámið

Fjöldi nemenda á Vestfjörðum sem leggja stund á háskólanám í fjarnámi var svipaður skólaárið 2002-2003 og árið á undan, eða um 120 manns. Þeir skiptust þannig eftir skólum að um 10 voru við Háskóla Íslands, um 60 við Kennaraháskóla Íslands, um 40 við Háskólann á Akureyri og um 10 við aðra skóla.

Mjög er misjafnt hvaða þjónustu háskólanemar sækja til Fræðslumiðstöðvarinnar. Flestir nemendur Háskólans á Akureyri sækja reglulega kennslustundir í Fræðslumiðstöðinni og nota sér les- og vinnuáðstöðu þar. Sama á við um flesta nemendur við Háskóla Íslands. Þá hafa nemendur Kennaraháskólans leitað til Fræðslumiðstöðvarinnar í auknum mæli. Reikna má með að um 60 manns noti sér aðstöðu í Fræðslumiðstöðinni að staðaldri. Allir þeir nemendur og hluti hinna taka próf í Fræðslumiðstöðinni.

Háskólasetur

Starfshópur um háskólasetur hóf störf að loknum aðalfundi fulltrúaráðs Fræðslumiðstöðvarinnar árið 2002. Hópurinn lét taka saman skýrslu um málið og kom hún út í apríl 2003. Jafnhliða starfshópi um háskólasetur voru aðrir hópar starfandi að stofnun rannsóknarmiðstöðva.

Niðurstöður hópsins um háskólasetur var að efla starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar og finna henni framtíðarhúsnæði í tengslum við rannsóknarstofnanir. Með því móti mætti búa til öflugt háskólasetur sem sinnti rannsóknum og miðlun þekkingar jafnframt því að skapa aðstöðu til hvers kyns fjarnáms fullorðinna og annarra þekkingaröflunar.

Markviss

Aðeins var gerður samningur við eitt fyrirtæki um Markviss greiningu á árinu 2002. Þetta kerfi hefur því ekki enn nýst Fræðslumiðstöðinni sem skyldi. Verið getur að það stafi af því að Markviss ráðgjafarnir eru ekki starfsmenn Fræðslumiðstöðvarinnar, en svo virðist sem þær símenntunarmiðstöðvar þar sem ráðgjafar eru starfsmenn miðstöðvaranna geti nýtt sér þetta kerfi betur.

Vika símenntunar

Vika símenntunar var haldin 8.-14. september 2002. Yfirskrift hennar var *símenntun í atvinnulífinu*. Mennt, samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla, hafði yfirumsjá með vikunni í umboði menntamálaráðuneytisins eins og undanfarin ár.. Símenntunarstöðvarnar sáu um framkvæmdina úti um land. Á Vestfjörðum bar Fræðslumiðstöðin ábyrgð á framkvæmd vikunnar og var hún haldin í samstarfi við Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Fóru þessir aðilar um Vestfirði og buðu m.a. námskeið um gerð ferilskráa og markaðssetningu eigin þekkingar, þátttakendum að kostnaðarlausu. Voru námskeiðin haldin á Ísafirði, Patreksfirði og Hólmavík og sá starfsfólk Svæðisvinnumiðlunar um kennsluna.

FS-netið

Haustið 2002 undirritaði menntamálaráðherra samning við SKÝRR um IP net fyrir framhaldsskóla og símenntunarmiðstöðvar, svokallað FS-net. Samningurinn tók gildi 1. febrúar 2003.

Með samningi þessum eru fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum tryggður 100 Mbps bandbreidd fyrir aðalstöðvar og 2 Mbps fyrir útstöðvar. Fastar mánaðargreiðslu fyrir miðstöðvarnar eru 100 þúsund krónur á mánuði og 35 þúsund fyrir útstöðvar. Er þessar upphæðir óháðar flutningsmagni.

Þar sem ljóst er að með FS netinu verður verulegur kostnaðarauki fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar hefur stjórn Kvasis haft samband við Bygðastofnun og óskað eftir stuðningi stofnunarinnar við miðstöðvarnar vegna þessa. Er það mál nú í skoðun og vinnslu hjá Bygðastofnun.

Kvasir

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er aðili að *Kvasi – samtökum fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni*. Forstöðumaður Fræðslumiðstöðvarinnar er einn af þremur stjórnarmönnum samtakanna. Síðla sumars vann stjórn Kvasis skýrslu að beiðni og með styrk frá menntamálaráðherra um stöðu og framtíðarhorfur fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna á landinu. Í þeirri samantekt kemur fram að miðstöðvarnar hafa þróast hratt á síðustu árum í takt við breytingar á fullorðinsfræðslunni. Að mörgu leyti er þróun fullorðinsfræðslunnar svipuð um allt land, en að öðru leyti eru aðstæður miðstöðvanna ólíkar. Má þar t.d. nefna fjarlægð frá háskólum, dreifing byggðar og samgöngur.

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar innan Kvasis hafa verið 8 talsins. Um síðustu áramót bættist 9. miðstöðin við, Símenntunarstöðin Viska í Vestmannaeyjum.

Samstarf

Fræðslumiðstöð Vestfjarða átti samstarf við ýmsa aðila á árinu 2002. Voru þar á meðal fjölmargir aðilar sem tengdust námskeiðum. Einnig átti Fræðslumiðstöðin mikið og gott samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Fjölmenningsarsetur og Svæðisvinnumiðlun Vestfjarða. Síðast en ekki síst átti Fræðslumiðstöðin í nánú samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði. Þá er Fræðslumiðstöðin aðili að Mennt – samtökum atvinnulífs og skóla.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur mikið samstarf við háskólana í landinu, einkum þá sem bjóða fjarnám. Formlegir samningar hafa verið gerðir við Háskólann á Akureyri um einstaka námsgreinar sem skólinn kennir í fjarkennslu til Vestfjarða. Þá var undirritaður samstarfssamningur við Kennaraháskóla Íslands í janúar 2003. Er sá samningur mikil viðurkenning á starfi Fræðslumiðstöðvarinnar og undirstrikar þá skoðun að gott námsver sé mikilvægt fyrir fjarnema.

Fræðslumiðstöð Vestfjarða kom að ýmsum þróunarmálum. Miðstöðin var t.d. aðili að verkefninu *Vestfirðir á miðölum* og forstöðumaður átti sæti í undirbúningshópi að stofnun rannsóknarmiðstöðvar í eldis- og veiðitækni.

Starfsáætlun 2003

Yfirlit yfir starfsemina vorið 2003

Í byrjun júní 2003 hefur Fræðslumiðstöðin staðið fyrir 32 námskeiðum í 40 hópum það sem af er árinu 2003. Þátttakendur eru 439 og nemendastundir 16463. Þetta er allmikil aukning frá árinu á undan, en þá voru þátttakendur 283 á vorönn og nemendastundir 10192. Lengsta námskeiðið á vorönn 2003 var starfsnám stuðningsfulltrúa (grunn nám) 160 kennslustundir.

Háskólanám og aðrir þættir starfseminnar voru með hefðbundnum hætti. Þó var meira um heimsóknir fyrimanna en venjulega.

Starfsemin haustið 2003

Námskeið

Reiknað er með að áætlanir um námskeið haustsins 2003 liggi að mestu fyrir í byrjun ágúst þannig að bæklingur geti farið í prentun fljótlega eftir verslunarmannahelgi. Þar með ætti að gefast meiri tími til kynningar á námsframboði í upphafi haustannar en verið hefur undanfarin ár.

Haustið 2003 er m.a. reiknað með að bjóða framhaldsnámskeið fyrir stuðningsfulltrúa, nám fyrir skrifstofufólk sem kallast *Framrás*, samtals 112 kennslustundir í 3 lotum og svæðisbundið leiðsögunám.

Undanfarin misseri virðist tilhneiging vera til að fólki fækki á almennum einstaklingsnámskeiðum, en sækji fremur í námskeið sem eru skipulögð fyrir fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag. Er reiknað með að þetta haldi áfram og að veturinn 2003-2004. Æskilegt er að gera fleiri samninga við fyrirtæki, stofnanir og stéttarfélag um námskeið og fræðsluáætlanir. Þannig eru t.d. nokkrir möguleikar tengdir fræðslumálum iðnaðarins.

Fjarnám

Gert er ráð fyrir svipuðum fjölda fjarnema á háskólastigi og undanfarið ár. Þó má reikna með að eftirspurn eftir þjónustu Fræðslumiðstöðvarinnar aukist vegna vaxandi áhuga háskólanna á samstarfi við miðstöðina og vegna þess að aðstaða í miðstöðinni hefur spurst út. Þá gæti bætt aðstaða á Patreksfirði aukið aðsókn fólks í fjarnám á Suðursvæði Vestfjarða.

Þarfir fjarnema á öðrum skólastigum eru í raun svipaðar og háskólanemanna. Þess vegna er líklegt að þeir fari að sækja á um að fá líka þjónustu í heimabyggð og háskólanemarnir, einkum á þeim svæðum þar sem ekki er aðgangur að framhaldsskólum. Þeir sem sinna fullorðinsfræðslunni þurfa að fara að gefa þessum hópi aukinn gaum.

Framboð á námi fyrir fullorðna er ekki eitt sér nægjanleg til að auka menntun, það þarf að koma námsframboðinu á framfæri og hvetja fólk til að nýta sér það. Síðan þarf að skapa aðstæður sem auðvelda fólki að sinna náminu og byggja upp styrkingarkerfi.

Framlag vegna verkefna á sviði byggðamála

Í samkomulagi menntamála- og iðnaðarráðgjafna um verkefni á sviði byggðamála frá 24. febrúar s.l. er kveðið á um að verja skuli 10 milljónum króna næstu 3 árin til eflingar þjónustu vegna háskólanáms og símenntunar á Vestfjörðum. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur gert tillögur um notkun þessa fjármagns. Miðast þær í fyrsta lagi við að styrkja þá starfsemi sem fyrir er, en í öðru lagi við að þróa áfram hugmyndir um háskólasetur (þekkingarsetur). Á þessu ári er gert ráð fyrir að fjármagnið verði notað til að greiða eitt stöðugildi við miðstöðina og til kaupa á tækjabúnaði, m.a. á nýjum fjarfundabúnaði með jaðartækjum sem gæfu möguleika á fjarkennslu frá miðstöðinni. Núverandi búnaður er fyrst og fremst til að taka við útsendingum annars staðar frá. Tillögurnar í heild sinni er að finna í viðauka.

Brúarmál og FS-netið

Landssíminn hefur á undanförunum árum rekið myndfundabré. Brú Símans er nú orðin of lítil, jafnframt því sem fyrirkomulagið þykir óþjálmt og dýrt.

Brúarmálin þykja hafa staðið þróun fjarkennslunnar fyrir þrifum. Eru nú uppi hugmyndir um að Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og Kvasir – samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni sameinist um kaup á myndfundabré. Er miðað við að kaupa þrefalt stærri brú en Landssíminn á núna og myndu eignaraðilar hafa forgang að þriðjung tenginga. Nú er verið að leita leiða til að fjármagna hlut Kvasis ef þessi leið verður farin. Hefur stjórn Kvasis m.a. leitað til Bygðastofnunar vegna þessa.

Verði af þeim brúarkaupum sem hér hefur verið lýst hafa þau margvísleg áhrif fyrir Fræðslumiðstöð Vestfjarða. Má þar nefna að þörf fyrir tæki með eigin brú minnkar og að öll tæki sem tengjast brúnni verða að vera IP samhæfð. Þannig þarf t.d. að vera búinn að tengja myndfundatæki á Patreksfirði við FS netið. Gangi hugmyndir um rafrænt skólasamfélag á Suðursvæði Vestfjarða eftir mun svo verða.

Samstarf

Gert er ráð fyrir að Fræðslumiðstöðin eigi í samstarfi við sömu aðila og áður. Fræðslumiðstöðin sótti, ásamt Fjölmenningssetrinu og fleiri aðilum, um styrk til að búa til námsefni og kenna samfélagstúlkum á öllu landinu. Ekkert námsefni hefur verið til fyrir þetta nám og engir staðlar héraðs fyrir samfélagstúlka. Hefur fengið nokkur styrkur til námsefnisgerðarinnar en ekki til kennslu. Þessu verkefni verður haldið áfram, enda er hér um að ræða frumkvöðlastarf sem getur skapað okkur sérstöðu.

Samstarf fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna innan Kvasis hefur verið vaxandi. Er nú unnið að samræmingu bókhalds og tölulegra upplýsinga. Verður því verki haldið áfram. Þá er vilji innan Kvasis að efla erlend samskipti og gera þau markvissari. Þróun fullorðinsfræðslunnar er mjög hröð í öllum heiminum og mikilvægt að landsbyggðarfólk fylgist vel með því sem er að gerast í nágrennalöndunum. Í því sambandi dugur okkur ekki að sjá heiminn með augum annarra, enda skoða einstakir

aðilar hlutina út frá sínum sjónarhornum, háskólarnir skoða t.d. fyrst og fremst háskólastigið. Í öllu því ölduróti sí- og endurmenntunar sem nú á sér stað út um allan heim með nýjum viðhorfum og nýrri tækni, felast ýmsir möguleikar fyrir okkur í dreifbýlinu, sem við eigum að nýta.

Háskólasetur

Starfshópur um háskólasetur á Vestfjörðum skilaði skýrslu í apríl 2003 þar sem lagt er til að stofnað verði háskólasetur á Vestfjörðum með samtengingu Fræðslumiðstöðvarinnar og rannsóknarstofnanna. Skýrsla þessi hefur verið kynnt menntamálaráðherra og forstöðumanni þróunarsvið menntamálaráðuneytisins. Svipaðar hugmyndir um lítil menntasetur á háskólastigi eru nú uppi víðar, t.d. á Austfjörðum og Norðaustur landi. Stofnun nýrra háskóla eru angi af sama meði.

Í framtíðinni er líklegt að samvinna háskólanna aukist og samræming eigi sé stað á háskólastiginu. Það verði t.d. auðveldara fyrir nemendur að flytjast á milli skóla. Jafnframt verði það algengara að fólk taki háskólanám til prófgráðu við fleiri en einn skóla, jafnvel bæði innanlands og utan. Jafnvel að til verði sérstakir netháskólar sem kenni lítið sem ekkert sjálfir, en nemendur þeirra taki áfanga við marga skóla og verði síðan í fylingu tímans útskrifaðir með prófgráðu. Miðstöð slíks skóla getur verið hvar sem er, t.d. í rannsóknarsetri þar sem fram færu rannsóknir og miðlun upplýsinga sem hefðu almenna skírskotun til landsins alls eða stærra svæðis.

Menntun er atvinnuskapandi. Ef til vill getum við byggt upp öflugt mennta- og þekkingarsamfélag hér á Ísafirði. Til þess að svo verði þurfum við að hafa *hugmyndir*, sem við fáum m.a með því að kynna okkur hvað verið er að gera annar staðar. Við verðum að setja niður *áætlun* um það hvernig hugmyndunum verði náð, efla *skilning* og samstöðu í samfélaginu um hugmyndirnar og hrinda þeim í *framkvæmd* með sameiginlegu átaki. Þá gæti Ísafjörður orðið álitlegur valkostur fyrir þá sem ætla í nám eða vilja setja upp rannsóknir. Ísafjörður gæti orðið „kísildalur“ landsins.

Viðauki